

Fundargerð byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki

28. fundur byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki fimmtudaginn 30. apríl 2020. Fundurinn var með rafrænum hætti gegnum fundarbúnaðinn Teams kl. 16:00.

Mætt frá byggingarnefnd: Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður, Tómas Ellert Tómasson, Hrund Harðardóttir, Helga Sighvatsdóttir og Magnús Gíslason. Embættismenn: Atli Marel Vokes, Óðinn K. Andersen, Birgir Edwald og Eiríkur Steinn Búason, Verkís, sem ritaði fundargerð. Þorsteinn Hjartarson og Bragi Bjarnason boðuðu forföll. Mættur frá hönnuðum: Ólafur Þ. Hersisson, Hornsteinum.

Eiríkur opnaði fundinn og fjallaði um markmið fundarins sem voru að fjalla um breytingartillögur arkitekta að lofthæðum fjölnota- og æfingarsalar. Nefndinni barst minnisblað og tillöguteikningar frá hönnuðum í framhaldi af bréfi sem sent var á hönnuði er varðar aðstöðu tónlistarskólans og lofthæðir í fyrrnefndum sölum. Eiríkur nefndi að nefndin þarf að fjalla í lok fundar um 3 þætti, gæði, tíma og kostnað.

Ólafur fór yfir tillöguteikningarnar. Byggingunni hefur verið hnikað til suðurs eftir byggingarreit og til vesturs þar sem salirnir 2 voru skildir eftir í upprunalegri staðsetningu. Tillögurnar sýna tvöfalda lofthæð í sölunum tveimur. Gangur er áfram milli kennsluálmú og tónlistarskóla en gangurinn er nú staðsettur yfir matsal að hluta en var yfir sölunum áður. Lofthæð í matsal (að hluta) er um 3,3 m. Enginn loftræsibúnaður í loftinu yfir matsal. Búið er að endurraða tölvuveri, nótnageymslu og geymslu á svæði við æfingarsalinn.

Matsalur og frístund hefur verið hnikað inn í átt að fjölnotasal til að hindra fermetrastækkun byggingar. Tillögurnar sýna tillögu að uppskiptingu fjölnotasalar í 2-3 rými með felliveggjum. Skoða má uppskiptingu æfingasalar ef vill. Samtals eru nú 350 fermetrar af sölum í tvöfaldri lofthæð. Rýmum á 2. hæð tónlistarskóla hefur verið endurraðað frá fyrri tillögu, en öll fyrri rými eru til staðar. Kennslustofum hefur verið snúið. Rými sem eru skráð sem rými deildarstjóra á gangi 2. hæð eru hugsuð sem rými tónlistarskóla í síðari áföngum. Biðsvæði fyrir utan kennslurými tónlistar eru á gangi sem eru 2m breiður, sem er mun meira en byggingarreglugerð segir til um gagnvart breidd ganga. Gangurinn er því hugsaður sem biðsvæði fyrir utan kennslustofur tónlistarkennslu. Með þessu næst góð nýting á ganginum. Á ganginum verða gluggar og hurðir með gluggum og ofanljós til að hleypa birtu inn á ganginn. Eins gluggar niður í salina tvo. Með augum tónlistarkennslu er nauðsynlegt að hafa glugga á hurðum inn í tónlistarkennslurými. Eins eru gluggar í kennslurýmum í útvegg fyrir kennslustofur 2. hæðar.

Helga lýsti ánægju með tillöguna og aðgengi að sölunum. Búningsklefi sem staðsettur er í tónlistarskóla er hugsaður fyrir tónlistarskólann en ekki íþróttahúsið (rímar við forsögn). Hurð/lokun milli matsalar og tónlistarskóla er jákvæð þróun í hönnuninni upp á að hafa möguleika á lokun. Tónlistarskólinn er sáttur við staðsetningu stjórnenda. Spurningamerki með staðsetningu stofu tónlistarskólastjórans en sátt er um staðsetninguna eins og hún liggur fyrir.

Núverandi lega byggingar á tillögunum fer lítið eitt út fyrir byggingarreit við suðurhluta byggingar, en verður tekið til úrvinnslu hjá arkitektum.

Taka þarf ákvörðun um stærð gats milli fjölnota og æfingarsalar, en rætt var á fundinum að leggja upp með fulla lofthæð á gatinu (um 6m) og loka með léttri uppbyggingu í 1. áfanga. Á þann hátt er hægt að framkvæma léttan niðurtেকinn bita á skilunum þegar farið verður í byggingu tónlistarskólans. Útfærslan ekki talin hafa áhrif á lagnaleiðir.

Ákvörðun um að fara í þessar tillögur hefur áhrif á ma. graftrarplan.

Með augum arkitekts er tillagan betri en fyrri tillaga, t.d. með "kílinu/útskotinu" sem myndast af sölunum og gefur tónlistarskólanum ákveðið vægi. Tillagan um margt batnað að mati hönnuða. Flækjustigið hefur ekki aukist mikið en kílin flækja bygginguna eilítið miðað við fyrri tillögu. Flæðislega hefur tillagan kost fremur en fyrri tillögur. Ókosturinn er að tillagan er eilítið óhagvæmnari sökum kíllanna. Kostur að gangar nýtast sem biðsvæði.

Framkvæmdarkostnaður gæti aukist eilítið sökum aukins hjúpflatar og stærra rúmmáls sala, en matsalurinn vegur upp á móti.

Með augum tónlistarskóla er tillagan góð og lofthæðir góðar.

Áhrif hönnunaráætlunar liggur ekki fyrir en við þurfum að vinna að því að breytingin fari inn með fyrstu sendingu aðaluppdráttu, en ekki sett inn sem breyting aðaluppdráttu. Ákvörðunin hefur áhrif á graftrarplan.

Hönnuðum þakkað fyrir minnisblað og teikningar til að hægt sé að taka málið til umfjöllunar.

Umræða á fundinum gagnvart fjölda skrifstofa sem koma í 1. áfanga, en ekki spurning um að breyta teikningum en skoða má nýtingu rýmanna. Jafnvel skoða innréttingu bókasafns.

Umræða um staðsetningu viðtalsherbergja í 1. áfanga. Gott væri að setja inn á teikningu fyrirhugaða starfsemi rýmanna í 1. áfanga og 2. áfanga.

Almenn ánægja er hjá nefndinni með framlagðar tillögur og telja hana til bóta miðað við frumhönnunartillöguna. Ákveðið að nefndin rýni eilítið betur í tillöguna fram í byrjun næstu viku með það að markmiði að gefa hönnuðum skilaboð um framhaldið fyrir miðja næstu viku (6. maí).

Fundi slitið kl. 17:10